

Egó

Egó - Breyttir tímar í mynd

Þegar minnst er á hljómsveitina Egó er það varla hægt nema Utangarðsmenn komi þar við sögu, enda saga sveitanna samofin sterkum böndum, því um tíma voru þrír meðlimir síðarnefndu sveitarinnar meðlimir Egósins. Það má segja að með Utangarðsmönnum einstaklingarnir orðið þekktir, en með Egóinu urðu þeir vinsælir. Það nægir í þessu sambandi að nefna að fyrsta plata Egósins sat á topp 10 yfir söluhæstu plötur landsins en allar plötur Utangarðsmanna áður samanlagt. Eða eins og einn aðdáandi orðaði það: Eign hún var æðisleg, Utangarðsmenn? -ég var skíthædd við þá.

Þegar Bubbi hafði sagt skilið við Utangarðsmenn haustið 1981 stóð hann einn eftir. Aðrir meðlimir héldu áfram samstarfi sínu undir nýju nafni. Bergþór Morthens, bróðir Bubba og æskufélagi þeirra Þorleifur Guðjónsson bassaleikari voru að fíkta við tónlist í kjalla Vesturbænum. Bubbi leit þar við og út frá því innliti varð hljómsveitin til, en nafngiftin var bein tilvitnun í þær sögusagnir að Bubbi stórt „ego“; Trommari var ráðinn Jói „Mótorhed“; auk gítarleikarans Ragnars Sigurðssonar (áður í Tívolí) er sveitin hélt í jómfúrurferð sína um landið. En þeir voru báðir horfnir á braut er fyrsta afurð sveitarinnar var hljóðrituð. Þá var genginn til liðs við bandið Magnús Stefánsson fyrrum trommari Utangarðsmanna og Bodies þá var Tómas Tómasson fenginn sem sessionmaður á hljómborð auk þess að stjórna upptökum. Tilkoma Magnúsar þótti breyta sveitinni verulega og það til batnaðar en talinn einn besti trommari landsins á þessum tíma. Platan Breyttir tímar, sem út kom 1. apríl 1982, varð ein vinsælasta plata sem út hafði komið í íslenskri dægurlagasögu. Sem dæmi má nefna að þann 16. apríl 1982 skauð platan beint í annað sæti lista 10 best seldu plötunnar hér á landi. Á þeim lista hélt platan sig í 19 vikur samfleytt. Þrátt fyrir sterkar melódíur og léttleika laglínunnar, þótti platan bera dulúð. Þar sem gagnrýnendur sögðust greina sterk Doors áhrif, sér í lagi í textagerðinni, enda titill eins lagsins bein tilvitnun í söngvara þeirrar sveitar. Í kjölfar plötunnar var haldið í aðra hringferð um landið til tónleikahalds og ráðgjafar sérstakur hljóðmaður, Bjarni Friðriksson sem starfaði með sveitinni upp frá því. Í september sama ár urðu enn ein mannskiptin í bandinu er Þorleifi Guðjónssyni var vikið úr sveitinni. Í hans stað kom Rúnar Erlingsson sem áður hafði starfað í Utangarðsmönnum. Þessi mannskipti breyttu sveitinni ekki svo útá við, kannski meira mórast innan sveitarinnar. Nokkrum dögum síðar var haldið í hljóðver á nýjan leik. Auk Tómasar Tómassonar var nú og til aðstoðar Louis Austin sem unnið hafði talsvert með breskum rokk sveitum eins og Judas Priest, Gillan, Associates og fleirum. Platan Í Mynd var hljóðrituð og gefin út í nóvember 1982. Tónlistarlega þótti hún vandaðri, meira lagt í útsetningar og bandið allt mun þéttara. Dulúðin sveif þó enn yfir vötnum og hafði magnast ef eitthvað var. Bubbi hélt áfram sólóferli sínum í hjáverkum en lausir tímar voru þó varla margir því sveitin var bókuð sv til hvert kvöld.

Snemma árs 1983 gaf Bubbi sér þó tíma til að skjótast í hljóðver og taka upp plötuna Fingraför en finna má lög á þeirri plötu er hvar verið á tónleikaprógrammi Egósins.

Í maí 1983 hélt Egóíð í tónleikaferð til Norðurlandanna. Rétt áður en lagt var af stað tilkynnti Maggi trommari að hann færi ekki og sagði sig úr sveitinni. Í hans stað var ráðinn Jökull Úlfsson auk þess sem Gunnar Rafnsson var fenginn á hljómborð. Þrátt fyrir allgöngu gekk þessi ferð vonum framfar og var sveitinni feiki vel tekið þar sem hún lék, reyndar svo að henni var boðin samningur ytra sem þó var aldrei tekið. Gagnrýnendur töldu brotthvarf Magga trommara veikja bandið, en Jökull skyldaði þó sínu. Árið 1984 var hún Norræn rokkhátíð hér á landi og meðal þeirra sem komu hingað til lands til leiks á þá hátíð var sænska hljómsveitin Imperiet. Góður kunningskapur myndaðist milli meðlima hennar og Bubba. Sá kunningskapur átti síðar eftir að koma Bubba vel. En aftur að Egóinu, því í ársbyrjun 1984 hafði risið upp ágreiningur innan sveitarinnar og svo við útgefendur hennar. Egóíð var samningsbundn og áttu eftir að skila einni plötu sem og var gert með plötunni Egó, sem unnin var undir heitinu Bless, á mettíma í mars 1984. Þetta vinnuheit segir allt sem segja þarf í allri merkingu þess orðs. Þá voru aðeins eftir þrír meðlimir innan sveitarinnar og var fenginn til aðstoðar Ásgeir Óskarsson á trommur. Eftir útkomu plötunnar sem fékk fremur slaka dóma gagnrýnenda, lagðist sveitin niður, Bubbi hélt til útlanda en aðrir meðlimir hurfu hver í sína átt. Það var kannsi ekkert svo dramatískt, hvorki við stofnun né starfslok Egósins. En öðru máli gegnir um tónlist sveitarinnar og framsetningu hennar. Sú dramatík og dulúð mun lifa í íslenski tónlistarsögu um ókoma framtíð.

Egó á annari öld

Árið 2001 kom svo út safnplatan Frá upphafi til enda. Þar sem finna mátti nokkur af vinsælustu lögum sveitarinnar af plötunum þrem, auk hljóðversupptöku lagsins Sat ég inn á Kleppi, en það lag hafði sveitin flutt í tónleikaútgáfu á plötunni Rokk í

Reykjavík (1982). Titill þessarar safnplötu var kannski tímaskekkja því sögu Egósins var ekki lokið.

Árið 2003 tilkynnti Bubbi að Egóið væri að koma saman á ný. Hjörtu margra tóku aukaslag við tíðindin og sitt sýndist hverjum, efasemdarraddir fengu sinn hljómgrunn og miklar getgátur flugu manna á milli um væntanlega liðskipan sveitarinnar. Bubbi tilkynnti þó fljótlega að ekki væri um eiginlega endurkomu að ræða heldur nýja útgáfu Egósins. Enda kom á daginn að Bubbi var eini af upprunalegu liðskipan sveitarinnar. Aðrir Jakob Magnússon bassi, Magnús Stefánsson trommur Hrafn Thoroddsen orgel og Einar Þór Jóhannsson gítar. Eftir að hafa komið fram í nokkur skipti hefur sveitin allt til þessa dags starfað rítt og hléum. Ekki náði þessi nýja liðskipan sveitarinnar að senda frá sér efni, þrátt fyrir að sá orðrómur hafi öðru hvoru komist í fjölmörg sveitin væri á leið í hljóðver til upptöku á nýju efni og jafnvel plötuútgáfu.

Þegar ákveðið var að setja saman stórtónleika í Laugardalshöllinni í tilefni 50. ára afmælis Bubba þar sem allar sveitir kappans k fram var hóað í gamala Egómeðlimi sem að sjálfsögðu höfnuðu ekki góðu party frekar en fyrri daginn og mættu á svæðið. Þarna komnir saman Bubbi, Beggi, Þorleifur og Maggi auk þess sem Hrafn Thoroddsen stóð við hljómborðið. Fjögur lög frá þessum tónleikum kom svo út á DVD og lokuðu tvöföldu CD plötunni sem gefin var út með efni þessara tónleika.

Árið 2007 voru liðin 25 ár frá því Ego sendi frá sér sínar tvær fyrstu plötur og að því tilefni voru þær báðar endurútgefnar í viðhafnarútgáfum. Þar höfðu stafræn gæði verið bætt, skotið inn aukalögum. Ritaður inngnagur er fjallaði um sögu þessara platan mátti finna nokkrar áður óbirtar myndir af sveitinni. En nokkru áður en þær plötur komu út gengu þær sögur að síðasta útgáfa Egósveitarinnar hefði slitið samstarfi sínu og sagði saga götunnar að enn og aftur hefði það legið fyrir að söngvarinn og trommuleikari hefðu bara ekki náð að vinna saman frekar en fyrri daginn og kannski bar sveitin bara nafnið með réttu, - Egóið hafði orðið Egó a

En Bubbi var ekki hættur. Í apríl 2008 bárust þær fréttir að Egóið kæmi saman á ný. Nú með Begga Morthens innanborðs ásamt Bjössu trommuleikara rokkveitarinnar Mínus, en sú sveit var á leið í tónleikaferð á erlenda grund í byrjun maí. Var áætlað að Bjössu yrði til í slaginn á fyrirhugðum tónleikum 17. maí á Nasa. Ekki hafði þetta fyrir verið opinberað en breyting varð á. Bjössu ekki heimangengt og til að bjarga málum var hóað í þann sem Bubbi hafði starfað með hvað mest undanfarið Arnar Geir Ómarsson. Með þessa liðskipan hófurst æfingar fyrir áður nefnda tónleika á NASA v/Austurvöll. Tónleikarnir þóttust takst vel og svo er eins og ávalt með þessa sveit Sveitin birtist aftur á Ljósnot í Reykjanesbæ snemma í ágúst 2008 og náði að venju rífandi stemmingu. Í árslok 2008 kom sveitin fram á Dansleik á Players í Kópavogi og var þá orðið langt liðið frá því söngvarinni Bubbi Morthens hafði tekið þátt í slíkri samkomu. Í kjölfarið var efnt til felirri slíkra dansleikja.

Í ársbyrjun 2009 boðaði sveitin að hún ætlaði að senda frá sér plötu um sumarið og þegar höfðu verið tekinn upp tvö lög fyrir skífið Annað þeirra "Kannski varð bylting vorið 2009" var hápólitískt lag og samið um það þjóðfélagsástand sem ríkti. Lagið var sett í spilun sama dag og það var fullklárað og nokkrum dögum síðar í sölu á tónlist.is. Um miðjan febrúar fór annað lag frá sveitinni í spilun útvarpsstöðvanna og í sölu á tónlist.is; Í hjarta mér. Lagið tók flesta vinsældalista landsins með trompi og náði þar efstu sætum t. Laglistans, Rásar 2 og Bylgjunnar. Um líkt leiti var ákveðið að fresta útkomu plötunnar til haustsins. En fram til haustsins sendi sveitin frá sér ein sex lög áður en platan sjálf kom út. Platan sem hlaut heitið 6. október kom út þann dag árið 2009. Þar mátti finna 11 lög og þá ljóst að lögin Kannski varð bylting vorið 2009 og Eyjan græna voru utan hennar. 6. október seti efsta sæti söluhæstu platan landsins og fljótlega ljóst að þessi plata hafði slegið allum fyrri plötum sveitarinnar við hvað varðaði s einstakra laga á vinsældalistum.

EGO I (september 1981)

Bubbi Morthens: Söngur

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

(Nóta: Bubbi kemur í heimsótt til þeirra félaganna Þorleifs og Begga á æfingu þar sem þeir voru að leika sér með allskonar músík í kjallara í vesturbænum ákveða þeir að stofna hljómsveitina EGO)

EGO II (Okt-1981)

Bubbi Morthens: Söngur

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

Jói “Motorhed”: Trommur

Ragnar Sigurðsson: Gítar (áður í Tívolí)

(Nóta: Þessir aðilar voru þeir sem skipuðu sveitina í fyrstu jólmfrúarferðinni um landið sem farin var í nóvember 1981, þá var sveitin búin að æfa saman í þrjár vikur að túrnum loknum hvarf Ragnar til Danmerkur og trommuleikaraskipti urðu í sveitinni)

EGO III (febrúar 1982)

Bubbi Morthens: Söngur

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

Magnús Stefánsson: Trommur

(Nóta: Bubbi frétti að Maggi væri að hætta með Bodies og hafi jafnvel verið boðið að spila með Brimkló. Bubbi ákvað að hringja í Maggi var strax til í slaginn. Þessi atburðarrás á sér stað aðeins fáum dögum áður en upptökur hefjast á fyrstu plötu sveitarinnar í febrúar 1982)

EGO IV (September / október 1982)

Bubbi Morthens: Söngur

Rúnar Erlingsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

Magnús Stefánsson: Trommur

(Nóta: Bubbi fékk það starf að reka Þorleif í hans stað kom Rúnar Erlingsson sem áður hafði verið með Utangarðsmönnum, svo sagan að það hafi fyrst og fremst verið að undirlagi og kröfu Magga. Það má benda á að nú eru þeir meðlimir af fjórum fyrrum Utangarðsmenn)

EGO V (maí 1983 - Október 1983)

Bubbi Morthens: Söngur

Rúnar Erlingsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

Gunnar Rafnsson: Hljómborð

Jökull Úlfsson: Trommur

(Nóta: Gunnar Rafnsson lék með Egóinu og í júní byrtist smáklausa í einu dagblaðanna þess efnis að fimmti maðurinn væri að ganga til liðs við Egóið. En Gunnar hafði áður verið hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Kikk.

Rétt fyrir Skandinavíuferð sveitarinnar ákveður Maggi að hætta með sveitinni í hans stað var fenginn Jökull Úlfsson sem fór með bandinu í áðurnefnt ferðalag um Skandinavíu og hélt áfram með sveitinni stuttan tíma eftir að hún kom heim þessi ferð hefur sennilega verið farin 1983. Jökli er þakkað að upphaf lagsins Serbinn varð til.) En í Nóvemberbyrjun var Jökull horfinn á braut og var um tíma notast við hina og þessa trommara. t.d. var Sigurður Reynisson til reynslu hjá Egóinu í nóvemberbyrjun en hann hafði áður leikið með t.d. Þrumuvagninum.

EGO VI (snemma árs 1984- maí 1984)

Bubbi Morthens: Söngur

Rúnar Erlingsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

(Nóta: Hér eru nýju mennirnir gengnir burt og Ásgeir Óskarsson fenginn á trommur, sem sessionleikari. Auk áðurnefndra spilara lék Tómas Tómasson stórt hlutverk á öllum plötum sveitarinnar. Þá var Bjarni Friðriksson ráðin hljóðmaður fljótlega eftir fyrringferðina og var með þeim allan tímann og sá um sáandið á flest öllum hljómleikum sveitarinnar.)

EGO VII (2003 -2006)

Bubbi Morthens: Söngur

Jakob Smári Magnússon: Bassi

Hrafn Thoroddsen: Orgel

Einar Þór Jóhannsson: Gítar

Magnús Stefánsson: Trommur

EGO VIII (Tónleikar í Höllinni 06.06.2006)

Bubbi Morthens: Söngur

Bergþór Morthens: Gítar

Hrafn Thoroddsen: Hljómborð

Magnús Stefánsson: Trommur

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

(Nóta: Með þessa liðskipan sem er einskonar mix úr nýju og gömlu Ego kom sveitin fram í Laugardalshöllinni á afmælistónleikum Bubba 2006 og á plötunni sem gefin var út með efni þeirra tónleika á sveitin fjögur lög Mescalín, Móðir, Stórir strákar fá raflost og lokalag plötunar Fjöllin hafa vakað.)

EGO XIV (maí 2008 - 2009)

Bubbi Morthens: Söngur

Bergþór Morthens: Gítar

Jakob Smári Magnússon: Bassi

Hrafn Thoroddsen: Orgel

Arnar Geir Ómarsson: Trommur

(Nóta: Enn urðu mannabreytingar Beggi bróðir var nú aftur kominn í raðir Egósins. Maggi trommari gengin á braut og ekki í fyrsta sinn. Til stóð að Bjóssi trommuleikari Mínus yrði með Egóinu en af því varð ekki og var Arnar Geir þá fenginn í hans stað. Þessi liður var fyrst opinberuð almenningi á miðnættónleikum á Nasa 17. maí 2008).

Útgáfuskrá

Smáskífur

- Kannski varð bylting vorið 2009 (aðeins stafræn útgáfa á netinu, 2009)

Hljóðversplötur Egósins

- Breyttir tímar (1982, með aukaefni 2006)

- Í mynd (1982, með aukaefni 2006)

- Egó (1984)

- 6. október (2009)

Safnplötur Egósins

- Frá upphafi til enda (2001)

Kvikmyndatónlist með áður óútgefnu efni Egósins

- Ýmsir - Rokk í Reykjavík (1982)

HVS / DVD með Egóinu

- Ýmsir - Rokk í Reykjavík (VHS:1982 ; DVD: 2008)

- Bubbi - 060606 (2006)

- Bubbi - Sögur af ást landi og þjóð 1980 - 2010 (2010)

Aðrar plötur með áður óútgefnu efni

- Bubbi - 060606 (2006)

- Ýmsir - Sumarið á Íslandi 2009 (2009)

Samantekt: Bárður Örn Bárðarson